



BÆJARSTJÓRN
REYKJANESBÆJAR

*254. fundur verður haldinn í bæjarstjórn Reykjanesbæjar
þriðjudaginn 4. janúar 2005 að Tjarnargötu 12, kl. 17:00.*

Dagskrá

1. mál. Fundagerðir bæjarráðs 23/12 og 30/12 '04.
2. mál. Fundagerð atvinnu- & hafnaráðs 20/12 '04.
3. mál. Fundagerð barnaverndarnefndar 20/12 '04.
4. mál. Fundagerð stjórnar BS 9/12 '04.
5. mál. Fundagerð stjórnar SSS 20/12 '04.
6. mál. Fundagerð stjórnar SS 9/12 '04.

- 30. desember 2004 -

*Árni Sigfússon
bæjarstjóri*

Bæjarráð Reykjanesbæjar

556. fundur bæjarráðs Reykjanesbæjar haldinn fimintudaginn 23. desember 2004 að Tjarnargötu 12, kl. 09:00.

Mættir voru aðalfulltrúarnir: Formaður Böðvar Jónsson, Björk Guðjónsdóttir, Steinþór Jónsson, Jóhann Geirdal, Ólafur Thordersen, bærarstjóri Árni Sigfússon, áheyrnafulltrúi Kjartan Már Kjartansson, og fundarritari var Hjörtur Zakariásson.

- Dagskrá -

1. mál. Fundargerð Fasteigna Reykjanesbæjar ehf. 17/12'04.
2. mál. Styrkbeiðni Gunnars Gunnarssonar akstursíþróttamanns.
3. mál. Erindi Félags skipstjórnarmanna – umboð til kjarasamningsgerðar.
4. mál. Afrit af erindi Nefndar um sameiningu sveitarfélaga til Sandgerðisbæjar og Vatnsleysustrandarhrepps.
5. mál. Afrit af erindi Konráðs K. Björgólfssonar til Sýslumannsins í Keflavík v/Bergveg 11.
6. mál. Tilkypping Siglingastofnunar – yfirlitsskýrsla um sjóvarnir.
7. mál. Erindi framkvæmdastjóra umhverfis- & skipulagssviðs – matskýrsla vegna Vesturbrautar 10-10a og 12.
8. mál. Erindi fjármálastjóra og framkvæmdastjóra umhverfis- & skipulagssviðs – Smiðjuvellir 10.
9. mál. Samningur um rekstur leikskóla á Hlíðarvegi 7 í Reykjanesbæ.

#

1. mál.

Fundargerð Fasteigna Reykjanesbæjar ehf. 17/12'04. Lögð fram.

2. mál.

Styrkbeiðni Gunnars Gunnarssonar akstursíþróttamanns. *Visað til afgreiðslu MÍT.*

3. mál.

Erindi Félags skipstjórnarmanna varðandi umboð til kjarasamningsgerðar. *Bæjarritara falið að skoða málið.*

4. mál.

Afrit af erindi Nefndar um sameiningu sveitarfélaga til Sandgerðisbæjar og Vatnsleysustrandarhrepps. Lagt fram.

5. mál.

Afrit af erindi Konráðs K. Björgólfssonar til Sýslumannsins í Keflavík en Konráð fer fram á það við Reykjanesbæ að lóðin Bergvegur 11 verði skráð hans eign. **Bæjarráð hafnar erindinu.**

6. mál.

Tilkynning Siglingastofnunar – yfirlitsskýrsla um sjóvarnir. Móttekið.

7. mál.

Erindi framkvæmdastjóra umhverfis- & skipulagssviðs. Matsskýrsla vegna Vesturbrautar 10-10a og 12. **Bæjarstjóra falið að skoða málið.**

8. mál.

Erindi fjármálastjóra og framkvæmdastjóra umhverfis- & skipulagssviðs varðandi Smiðjuvelli 10. **Fjármálastjóra falið að vinna áfram í málinu. Jafnframt óskar bæjarráð eftir umsögu umhverfis- og skipulagsráðs.**

9. mál.

Samningur um rekstur leikskóla á Hlíðarvegi 7 í Reykjanesbæ. **Bæjarráð samþykkir fyrirliggjandi samning og felur bæjarstjóra að undirrita hann.**

Fleira ekki gert og fundi slitið.

*Böðvar Jónsson,
Björk Guðjónsdóttir,
Steinþór Jónsson,
Jóhann Geirdal,
Ólafur Thordersen.*

Bæjarráð Reykjanesbæjar

557. fundur bæjarráðs Reykjanesbæjar haldinn fimmtudaginn 30. desember 2004 að Tjarnargötu 12, kl. 09:00.

Mættir voru aðalfulltrúarnir: Formaður Böðvar Jónsson, Björk Guðjónsdóttir, Jóhann Geirdal, Ólafur Thordersen, varafulltrúi Þorsteinn Erlingsson, bæjarstjóri Árni Sigfússon, áheyrnafulltrúi Kjartan Már Kjartansson, og fundarritari var Hjörtur Zakariasson.

- Dagskrá -

1. mál. Fundarboð – hluthafafundur Bláa Lónsins hf.
2. mál. Tilkynning Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga.
3. mál. Beiðni Rannsóknastofnunar Kennaraháskóla Íslands um heimild til spurningalistakönnunar.
4. mál. Svar Sýslumannsins í Keflavík til Konráðs K. Björgólfssonar.
5. mál. Erindi Sambands íslenskra sveitarfélaga – viðurkenning til framsækinna sveitarfélaga.
6. mál. Samantekt vegna samskipta við Eftirlitsnefnd sveitarfélaga.
7. mál. Þróunarsjóður skipulags.

#

1. mál.

Fundarboð. Hluthafafundur Bláa Lónsins hf. verður haldinn fimmtudaginn 30. desember 2004 í Bláa Lóninu heilsulind. **Formaður bæjarráðs fer með atkvæði bæjarsjóðs á fundinum.**

2. mál.

Tilkynning Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga vegna hækkunar á úthlutun útgjaldajöfnunarframlaga og framlaga til jöfnunar á tekjutapi. Lagt fram.

3. mál.

Beiðni Rannsóknastofnunar Kennaraháskóla Íslands um heimild til spurningalistakönnunar í skólum vegna rannsóknar á menntun nemenda með þroskahömlun. **Vísáð til afgreiðslu fræðsluskrifstofu.**

4. mál.

Svar Sýslumannsins í Keflavík til Konráðs K. Björgólfssonar þar sem erindi hans um eignarétt yfir lóðinni að Bergvegi 11 er hafnað. Lagt fram.

5. mál.

Erindi Sambands íslenskra sveitarfélaga vegna framsækinna sveitarfélaga. **Bæjarstjóra falið að svara erindinu.**

6. mál.

Samantekt vegna samskipta við Eftirlitsnefnd sveitarfélaga. Lagt fram.

7. mál.

Þróunarsjóður skipulags. Lögð fram gögn vegna stofnunar félagsins. **Bæjarstjóra falið að ganga frá stofnun félagsins en stjórn félagsins verði skipuð með sama hætti og bæjarráð.**

Bæjarstjóri gerði grein fyrir viðræðum við dagmæður og foreldra vegna niðurfellingar á greiðslum vegna daggæslu í heimahúsum.

Fleira ekki gert og fundi slitið.

*Böðvar Jónsson,
Björk Guðjónsdóttir,
Jóhann Geirdal,
Ólafur Thordersen,
Þorsteinn Erlingsson.*

Atvinnu- og hafnaráð

24. fundur Atvinnu- og hafnaráðs Reykjaneshafnar haldinn mánudaginn 20. desember 2004, kl. 17:30 í Bláa Lóninu heilsulind.

Mættir: Þorsteinn Erlingsson formaður, Agnar Breiðfjörð Þorkelsson, Garðar Vilhjálmsson, Brynjar Harðarson, Magnea Guðmundsdóttir varamaður og Pétur Jóhannsson hafnarstjóri.

Dagskrá

1. mál. Atvinnumál.
 - 1.1. Farið yfir verkefnalista ársins.
2. mál. Málefni Reykjaneshafnar.
 - 2.1. Viðræður um sölu á Hafnarbakka 11.
 - 2.2. Endurskoðuð fjárhagsáætlun ársins 2004 og viðbótar lántaka.
 - 2.3. Fjárhagsáætlun ársins 2005.
 - 2.4. Tillaga að breyttu deiliskipulagi við smábátahöfnina í Gróf.
3. mál. Önnur mál.

##

1. mál.

1.1. Framkvæmdastjóri fór yfir verkefnalista ársins 2004. Á árinu 2004 hafa nokkur stóriðjufyrirtæki átt fundi með framkv.stj. ATII, bæjarstjóra og Hitaveitu Suðurnesja um að starfrækja fyrirtæki í Helguvík. Eru þau mál í athugun og spilar Hitaveita Suðurnesja stórt hlutverk í þeim.

2. mál.

- 2.1. Formaður Atvinnu- og hafnaráðs skýrði frá viðræðum við aðila um sölu á Hafnarbakka 11, Sjöstjörnuma í Njarðvík. Ítrekað er að húsnæðið verður aðeins selt gegn staðgreiðslu.
- 2.2. Framkvæmdastjóri lagði fram endurskoðaða fjárhagsáætlun ársins 2004. Aukinn kostnaður, um 60 mkr., vegna hafnaverndar og framkvæmda í Helguvík, ásamt kaupum á Hafnarbakka á nauðungarsölu í maí sl. Samþykkti stjórn að heimila framkv.stj. að auka við fyrra lán er tekið var í mars sl. um 60 mkr.
- 2.3. Framkvæmdastjóri lagði fram og útskýrði fjárhagsáætlun ársins 2005. Stjórnin samþykkti fjárhagsáætlunina.
- 2.4. Lagðar voru fram tillögur að breyttu deiliskipulagi við smábátahöfnina í Gróf. Stjórnin hafnar tillögunum, þar sem þær munu hefta hagkvæma stækkunarmöguleika hafnarinnar.

Fleira ekki gert og fundi slitið.

*Þorsteinn Erlingsson, Agnar Breiðfjörð Þorkelsson,
Garðar K. Vilhjálmsson, Brynjar Harðarson, Magnea Guðmundsdóttir.*

Barnaverndarnefnd

43. fundur Barnaverndarnefndar Reykjanesbæjar, haldinn mánudaginn 20. desember 2004, kl. 16:15 á bæjarskrifstofunum Hafnargötu 57, Reykjanesbæ.

Mættir: Árnína St. Kristjánsdóttir formaður, Ingibjörg Hilmarsdóttir, Ólafur Grétar Gunnarsson, Guðbjörg K. Jónatansdóttir, Ágústa Gunnarsdóttir sálfræðingur og María Gunnarsdóttir félagsráðgjafi sem ritaði fundargerð.

Dagskrá

1. mál. Trúnaðarmál.

#

1. mál.

Eitt trúnaðarmál á dagskrá. Fært í þar til gerða bók.

Fleira ekki gert og fundi slitið.

*Árnína St. Kristjánsdóttir,
Ingibjörg Hilmarsdóttir,
Ólafur Grétar Gunnarsson,
Guðbjörg K. Jónatansdóttir.*



Brunavarnir Suðurnesja

Hringbraut 125, 230 Keflavík

Varðstofa 421-4748

Bréfsími 421-4578

Tölvupóstfang: sigm@bs.is

Heimasíða: www.bs.is

Fundur haldinn í Stjórn Brunavarna Suðurnesja.

156 fundur Stjórnar B.S. haldinn fimmtudaginn 9. desember 2004, kl. 20:00 á Kaffi-Duus í Grófinni, Reykjanesbæ.

Mættir: Sigurvin Guðfinnsson, formaður, Georg Friðriksson, Ólafur Thordersen, Gísli Kjartansson, Sigurður Kristinsson, Jón Guðlaugsson og Sigmundur Eypórsson slökkviliðsstjóri BS.

Formaður býður fundarmenn velkomna og setur fundinn.

- 1) **Mál: Myndataka**
Stjórn BS mætir í Nýmynd vegna myndatöku.
- 2) **Mál: Drög að fjárhagsáætlun BS fyrir árið 2005.**
Rætt um breytingartillögu Fjárhagsnefndar.
- 3) **Mál: Útkall og aðgerðir BS vegna sóttmengunaróhapps á Sjónarhóli, Vatnsleysuströnd.**
Slökkviliðsstjóri BS greindi frá aðgerðum Slökkviliðs og nauðsynlegum úrbótum til að mæta kröfum er varðar viðbrögð BS við mengunaróhöppum almennt.
- 4) **Mál: Önnur mál:**
 - a) Stjórn BS ræðir ýmiss mál sem á döfinni eru hjá BS og sveitarfélögum.
 - b) Formaður þakkar Stjórnarmönnum og, f.h. Stjórnarmanna BS, Starfsmönnum BS fyrir gott samstarf á árinu og óskar þeim og fjölskyldum þeirra gleðilegra jóla.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 21:50

Ólafur Thordersen. (sign)
Sigurður Kristinsson (sign)
Gísli Kjartansson (sign)
Sigurvin Guðfinnsson (sign)
Georg F. (sign)
Sigmundur Eypórsson (sign)
Jón Guðlaugsson (sign)

Reykjanesbær - Tjarnargata 12

Mótt. 21/12 2004

Lykill 01-03-007

Málsnr. 2003-03-0035

Ábm. KJS.

Reykjanesbær - Tjarnargata 12

Mótt.

23/12 2004

Lykill

01-71-001

Málsnr.

2003-02-0026

Ábm.

KIS



SAMBAND SVEITARFÉLAGA
Á SUÐURNESJUM

FITJUM - 260 NJARÐVIK
SÍMI 421-3788 - PÓSTHÓLF 56 - KT. 640479-0279
FAX: 421-3766

539. fundur

Árið 2004, er fundur haldinn í stjórn Sambands sveitarfélaga á Suðurnesjum
mánudaginn 20. desember 2004 kl. 08.00 á Fitjum


Mætt eru: Böðvar Jónsson, Hörður Guðbrandsson, Jón Gunnarsson, Sigurður
Jónsson, Óskar Gunnarsson, Guðjón Guðmundsson framkv.stj. og Jóhanna M.
Einarsdóttir ritari.


Dagskrá:


1. Fundargerð Þjónustuhóps aldraðra frá 24/11 '04 lögð fram og samþykkt.
2. Fundargerð S.T.F.S. og S.S.S. frá 29/11 '04 lögð fram og samþykkt.
3. Bréf sveitarstjórna varðandi kosningu fulltrúa í nefnd um samstarf sveitarfélaganna.
 - a) Bréf dags. 8/12 '04 frá Reykjanesbæ, fulltrúar eru Böðvar Jónsson, Steinþór Jónsson og Jóhann Geirdal.
 - b) Bréf dags. 26/11 frá Grindavíkurbæ, fulltrúi er Ólafur Örn Ólafsson.
 - c) Bréf dags. 2/12 frá Sandgerðisbæ, fulltrúi er Sigurður Valur Ásbjarnarson.
 - d) Bréf dags. 19/11 frá Sveitarfélaginu Garði, fulltrúi er Sigurður Jónsson
 - e) Bréf dags. 9/12 frá Vatnsleysustrandarhreppi, fulltrúi Birgir Þórarinsson.Framkvæmdastjóra SSS falið að kalla nefndina saman.
4. Bréf (afrit) dags. 19/11. '04 frá Gerðarhreppi. Lagt fram.
5. Bréf dags. 9/12 '04 frá D.S. Ákveðið að fá Finnboga Björnsson á næsta fund.
6. Bréf dags. 23/11 '04 frá Landgræðslu ríkisins í bréfinu er óskað eftir framlagi að upphæð kr. 2.500.000.-. Í áður samþykktri fjárhagsáætlun SSS fyrir árið 2005 er gert ráð fyrir kr. 1.500.000.- sem er 50% hækkun frá þessu ári.
7. Bréf dags. 15/11 '04 frá umhverfisnefnd Alþingis ásamt frumvarpi til laga um mat á umhverfisáhrifum og skipulags- og byggingarlög, 235. mál, matsferli, málskotsréttur, úrskurðarnefnd o.fl. Stjórnin tekur ekki afstöðu til frumvarpsins en vísar til umsagna sveitarfélaganna á svæðinu.
8. Bréf dags. 16/11 '04 frá umhverfisnefnd Alþingis ásamt frumvarpi til laga um náttúruvernd, 184. mál, eldri námur. Stjórnin tekur ekki afstöðu til frumvarpsins..


9. Bréf dags. 18/11 '04 frá Samgöngunefnd Alþingis ásamt frumvarpi til laga um rannsóknarnefnd umferðarslysa, 236. mál. Stjórnin tekur ekki afstöðu til frumvarpsins.
10. Bréf dags. 13/12 '04 frá Iðnaðarnefnd Alþingis ásamt frumvarpi til laga um rannsóknir og nýtingu á jarðrænum auðlindum, 374. mál. Stjórnin óskar eftir umsögn HS um frumvarpið.
11. Skipun starfshóps um samgöngumál. Stjórnin samþykkir að skipa starfshóp um samgönguverkefni á Suðurnesjum og óskar eftir tilnefningum sveitarfélaganna í nefndina. Einn fulltrúi verður frá hverju sveitarfélagi..
12. Skýrsla um Slökkvilið á Suðurnesjum sem lögð var fram á síðasta fundi. Stjórnin vísar skýrslunni til nýskipaðrar nefndar um samstarf sveitarfélaganna (sbr. 3. lið).
13. Samningur við byggðastofnun um atvinnuþróun. Stjórn SSS samþykkir fyrirbyggjandi drög að samningi, og felur formanni að undirrita samninginn fyrir hönd stjórnar SSS.
14. Lóðamál við FS. Framkvæmdastjóra SSS falið að senda bygginganefnd FS bréf í anda umræðna á fundinum.
15. Sameiginleg mál.
Engið bókuð mál undir þessum lið.


Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 9.30



Böðvar Jónsson


Óskar Gunnarsson


Jón Gunnarsson


Sigurður Jónsson


Hörður Guðbrandsson


Guðjón Guðmundsson



340. fundur

stjórnar Sorpeyðingarstöðvar Suðurnesja sf. haldinn fimmtudaginn 9. desember 2004 kl. 17.00 í Kólku.


Mætt eru: Sigríður Jóna Jóhannesdóttir, Óskar Gunnarsson, Albert Hjálmarsson, Jón Ólafur Jónsson, Hörður Guðbrandsson, Einar Jón Pálsson, Birgir Þórarinsson, Guðjón Guðmundsson framkvæmdastjóri, Gísli R. Eiríksson stöðvarstjóri, Aron Jóhannsson umhverfisfulltrúi og Ámi Páll Árnason lögfræðingur sat fund undir lið 1.


1. Ámi Páll og Guðjón kynntu stöðu framkvæmda og lokaúttektar á Kólku. Unnið er að skýrslu um lokaúttektina sem tilbúin verður fljótlega.
2. Guðjón og Sigríður kynntu drög að samningi um gerð sameiginlegs svæðisskipulags um meðhöndlun úrgangs. Stjórn SS samþykkir að taka þátt í vinnu við sameiginlegt svæðisskipulag um meðhöndlun úrgangs.
3. Sigríður kynnti skipulags- og verklagsmál á athafnasvæðum Kólku.
4. Erindi bæjarstjórnar Reykjanesbæjar til SSS og afgreiðsla um athugun á að gera SS að hlutafélagi móttakið.
5. Önnur mál. Guðjón kynnti stöðu mála vegna gömlu stöðvarinnar við Hafnaveg.


Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 19.00.

Reykjanesbær - Tjarnargata 12

Mótt. 21/12 2004
Lykill 01-SS-SS
Málsnr. 2002-11-0097
Ábm. AS



Sigríður J. Jóhannesdóttir


Óskar Gunnarsson


Albert Hjálmarsson

JÓN ÓLAFUR JÓNSSON


Hörður Guðbrandsson


Einar Jón Pálsson


Birgir Þórarinsson

Bæjarstjórn Reykjanesbæjar

253. fundur bæjarstjórnar Reykjanesbæjar haldinn þriðjudaginn 21. desember 2004, að Tjarnargötu 12, kl. 17.00.

Mættir voru bæjarfulltrúarnir: Björk Guðjónsdóttir, Böðvar Jónsson, Steinþór Jónsson, Sigríður J. Jóhannesdóttir, Þorsteinn Erlingsson, Jóhann Geirdal, Guðbrandur Einarsson, Ólafur Thordersen, Sveindís Valdimarsdóttir, Kjartan M. Kjartansson, Árni Sigfússon bæjarstjóri, fundarritari Hjörtur Zakariásson og í forsæti var Björk Guðjónsdóttir.

Dagskrá

1. mál. Fundagerðir bæjarráðs 9/12 og 16/12'04.
2. mál. Fundagerð barnaverndarnefndar 6/12'04.
3. mál. Fundagerð fjölskyldu- & félagsmálaráðs 13/12'04.
4. mál. Fundagerð fræðsluráðs 13/12'04.
5. mál. Fundagerð menningar-, íþrótta- & tómstundaráðs 16/12'04.
6. mál. Fundagerð umhverfis- & skipulagsráðs 8/12'04.
7. mál. Fundagerðir heilbrigðisnefndar Suðurnesja 3/11'04 og 3/12'04.
8. mál. Fjárhagsáætlun Reykjanesbæjar og sameiginlega rekinna stofnana 2005 – síðari umræða.

#

1. mál.

Forseti gaf orðið laust um fundagerðir bæjarráðs 9/12 og 16/12'04. **Fundagerðirnar samþykktar 10-0 án umræðu.**

2. mál.

Forseti gaf orðið laust um fundagerð barnaverndarnefndar 6/12'04. **Fundagerðin samþykkt 10-0 án umræðu.**

Steinþór Jónsson mætti á fundinn.

3. mál.

Forseti gaf orðið laust um fundagerð fjölskyldu- & félagsmálaráðs 13/12'04. **Til máls tóku Sveindís Valdimarsdóttir og Árni Sigfússon. Fundagerðin samþykkt 11-0.**

4. mál.

Forseti gaf orðið laust um fundagerð fræðsluráðs 13/12'04. Til máls tóku Kjartan M. Kjartansson og Árni Sigfússon. **Fundagerðin samþykkt 11-0.**

5. mál.

Forseti gaf orðið laust um fundargerð menningar-, íþrótt- & tómstundaráðs 16/12'04. **Fundargerðin samþykkt 11-0 án umræðu.**

6. mál.

Forseti gaf orðið laust um fundargerð umhverfis- & skipulagsráðs 8/12'04. **Fundargerðin samþykkt 11-0 án umræðu. Ólafur Thordersen situr hjá í 3. máli.**

7. mál.

Forseti gaf orðið laust fundagerðir heilbrigðisnefndar Suðurnesja 3/11'04 og 3/12'04. **Fundargerðin móttækin án umræðu.**

8. mál.

Fjárhagsáætlun Reykjanesbæjar og sameiginlega rekinna stofnana 2005 til síðari umræðu. Til máls tók Árni Sigfússon bæjarstjóri er lagði fram eftirfarandi bókun sjálfstæðismanna.

Öflugri uppbyggingu haldið áfram - Fortíðarvandi leystur - Aðhalds gætt í rekstri

Fjárhagsáætlun Reykjanesbæjar 2005 endurspeglar áfram öfluga uppbyggingu til stuðnings íbúa- og atvinnuþróun, mennta-, menningar- og umhverfismálum í bænum. Um leið og hugað er að sterkari stöðum til framtíðar þar sem auknar tekjur koma með fjölgun íbúa og atvinnutækifæra, verður gætt aðhalds í rekstri sveitarfélagsins.

Í fjárhagsáætluninni er gert ráð fyrir 800 milljón króna viðsnúningi í rekstri frá yfirstandandi ári án skattahækkana.

Fortíðarvandi hefur verið leystur, bæði 1 milljarður kr. í stórauðnar skuldbindingar bæjarsjóðs vegna Eftirlaunasjóðs starfsmanna Reykjanesbæjar og áfallnar bakabyrgðir vegna skuldbindinga bæjarstjórna frá fyrri árum. Þá hafa allar framkvæmdir við Hafnargötuna verið færðar í reikninga bæjarsjóðs.

Það er skoðun sjálfstæðismanna að sterk eignastaða sveitarfélagsins gefi því svigrúm til að fjárfesta til framtíðar. Stefnan er sett á góð atvinnutækifæri, góða aðstöðu fyrir fjölskyldur og aðlaðandi umhverfi. Um leið er skattheimtu og þjónustugjöldum stillt í hóf. Þannig vonast sjálfstæðismenn til að skapa grundvöll til aukinna tekna íbúa og að fleiri velji að búa í Reykjanesbæ. Þessari leið er ætlað að styrkja rekstrargrundvöllinn til framtíðar.

Áfram er lögð áhersla á vandaða þjónustu um leið og þjónustugjöld verða með því hagstæðasta sem býðst á landinu. Áfram verður ókeypis í strætisvagna, heitar máltíðir boðnar öllum aldurshópum í öllum grunnskólum, engir biðlistar á leikskólum, boðið lægra gjald í nám Tónlistarskólans en í sambærilegum skólum á landinu, Fristundaskóli er áfram í boði með lægri tilkostnaði foreldra en sambærileg þjónusta býðst annars staðar og öflugur stuðningur verður áfram við íþrótt- og félagsstarf í bænum.

Hagræðingarverkefni ársins þýða frekari verkefnaútboð og endurskoðun verkferla. Meðal verkefna næsta árs eru breytingar og samþætting á sérfræðiþjónustu Fræðslusviðs og Félagsþjónustusviðs og aukin samþætting starfa í grunnskólum og Fristundaskóla. Þá verður fyrirkomulag flutnings- og ferðastyrkja endurskoðað.

Gerðar verða breytingar á Vinnuskóla unglinga sem miða að aukinni fræðslu fyrir nemendur en af því hlýst einnig hagræðing.

Heildarframlög til málaflokka sviða dragast þannig saman eða standa í stað á milli ára, utan Fræðslusviðs.

Helstu framkvæmdir

- Gert er ráð fyrir að ljúka gatnagerð í Tjarnahverfi á árinu 2005, sem ætlað er að bjóða alls 530 íbúðir. Þetta er í samræmi við þá miklu eftirspurn sem verið hefur um lóðir í Tjarnahverfi á yfirstandandi ári.
- Ráðist verður í gerð nýrrar akbrautar frá Reykjanesbraut ofan Reykjaneshallar og niður að Njarðarbraut, á svonefndri "lífæð". Um er að ræða þjóðveg sem ríkið fjármagnar en gert ráð fyrir að verði flýtt með því að Reykjanesbær taki að sér að útvega fjármagn til framkvæmdarinnar tímabundið. Það gerist þó aðeins ef tryggt er að verkefnið sé á vegaaætlun og staðfesting um endurgreiðslu hefur borist frá Vegagerðinni.
- Hafin verður bygging nýrrar 50 metra innisundlaugar við Sundmiðstöðina við Sunnubraut.
- Nýr grunnskóli, Akurskóli, verður tekinn í notkun næsta haust, í samræmi við þróun íbúabyggingar á því svæði og nýr leikskóli undirbúinn.
- Unnið verður við undirbúning að gerð íþróttasvæðis sunnan Reykjaneshallar.
- Hafinn er undirbúningur að stóru þjónustusvæði í þágu eldri borgara, en þar verða m.a. hjúkrunarheimili, öryggisíbúðir og félags- og þjónustukjarni risinn árið 2007.
- Gert er ráð fyrir áframhaldandi umhverfisverkefnum við aðkomur til bæjarins og í hverfum og eðlilegu viðhaldi gatna og göngustíga.
- Áfram verður unnið að þróun og kynningu iðnaðar- og þjónustusvæðis í Helguvík á vegum Reykjaneshafnar.
- Reykjanesbær er stærsti hluthafi í Hitaveitu Suðurnesja, sem mun ljúka byggingu 100 MW orkuvers á Reykjanesi árið 2006.
- Reykjanesbær mun vinna ýmis samstarfsverkefni með flugmálayfirvöldum vegna Keflavíkurflugvallar, s.s. mælingu á hljóðstigi og þróun heildarskipulags í þágu þjónustu við flugreksturinn á svæðinu.
- Reykjanesbær er þátttakandi í uppbyggingu að Íþróttakademiunni, sem er samstarfsverkefni við Háskólann í Reykjavík, Miðstöð símenntunar á Suðurnesjum, íþróttahreyfinguna ofl. og mun 1. áfangi Akademiunnar verða risinn haustið 2005.

Eignir tæplega 11 milljarðar kr.

Gert er ráð fyrir að með áframhaldandi framkvæmdum til uppbyggingar hækki skuldir bæjarsjóðs á árinu 2005 um 78 milljónir kr. eða 6850 kr. á íbúa.

Skuldir samstæðunnar hækka um 255 milljónir kr. eða sem samsvarar 22.500 kr. á íbúa.

Þá er gert ráð fyrir sérstakri tímabundinni lántöku vegna flýtiframkvæmda á þjóðvegi í þéttbýli (Borgabraut) sem endurgreiðist af Vegagerð ríkisins, kr. 256 milljónir.

Áætlað er að eignir samstæðunnar (bæjarsjóðs og stofnana) nemi 10.989 milljónum kr. í árslok 2005

Heildarskuldir samstæðunnar árið 2005 eru áætlaðar 8.856 milljónir kr. og hreinar skuldir 5.371 milljónir kr.

Eignir samstæðunnar (bæjarsjóðs og stofnana) hafa hækkað um 323 þúsund krónur á íbúa frá árinu 2000, miðað við áætlun í lok árs 2005. Skuldir samstæðunnar hafa hækkað um 213 þúsund krónur á íbúa á sama tíma.

Árið 2000 voru eignir samstæðunnar umfram skuldir 89 þúsund krónur á íbúa. Árið 2005 er áætlað að eignir umfram skuldir verði 186 þúsund krónur á íbúa. Þetta þýðir að gert er ráð fyrir að eignir samstæðu umfram skuldir hafi aukist um 109% í lok árs árið 2005 frá lokum árs 2000.

Eignir bæjarsjóðs umfram skuldir á hvern íbúa árið 2000 voru 89 þúsund kr. en verða 252 þúsund kr. á íbúa árið 2005, samkvæmt fyrirbyggjandi fjárhagsáætlun.

Árni Sigfússon, Björk Guðjónsdóttir, Böðvar Jónsson,
Steinþór Jónsson, Þorsteinn Erlingsson, Sigríður J. Jóhannsdóttir.

Til máls tók Kjartan M. Kjartansson er lagði fram eftirfarandi tillögu:

Ferðastyrkir til nemenda úr Reykjanesbæ sem stunda nám á höfuðborgarsvæðinu

Í fjárhagsáætlun Reykjanesbæjar fyrir árið 2005 er gert ráð fyrir að greiðslu ferðastyrkja, til nemenda sem búa í Reykjanesbæ en stunda nám á framhalds- eða háskólastigi á höfuðborgarsvæðinu, verði hætt frá og með hausti 2005. Ferðastyrkir sem þessir hafa verið veittir um áratuga skeið, fyrst sem afsláttur á farmiðum SBK en síðar í núverandi mynd.

Undirritaðir telja slíka ákvörðun mikla afturför og til þess fallna að skerða möguleika ungs fólks, sem vill búa í Reykjanesbæ en stunda nám í Reykjavík, til framhaldsnáms. Hætt er við að ungt fólk hætti við nám eða flytji úr sveitarfélaginu. Því leggja undirritaðir bæjarfulltrúar Framsóknarflokks og Samfylkingar til að greiðslu ferðastyrkja verði haldið áfram með sama hætti og verið hefur til þeirra nemenda sem stunda nám sem ekki er boðið upp á hér í bænum. Fjárveitingar til framkvæmda í umhverfismálum verði skornar niður á móti.

Kjartan M. Kjartansson, Guðbrandur Einarsson, Ólafur Thordersen,
Jóhann Geirdal, Sveindís Valdimarsdóttir.

Til máls tók Jóhann Geirdal er lagði fram eftirfarandi bókun:

Bókun lögð fram við afgreiðslu fjárhagsáætlunar fyrir árið 2005 í bæjarstjórn Reykjanesbæjar 21. desember 2004.

Árið 2003 var rekstrartap bæjarsjóðs Reykjanesbæjar rúmar 860 milljónir. Því tapi var þá að mestu metið með hagnaði af sölu fasteigna. Nú stefnir í sambærilegt tap á árinu 2004, þrátt fyrir að fjárhagsáætlun ársins hafi gert ráð fyrir afgangi. Meirihlutinn hefur afsakað sig með óvæntri aukningu lífeyrisskuldbindinga, en það er þó ekki nema hluti þessa vanda.

Nú er lagt upp með eitt tapárið enn. Í þeirri fjárhagsáætlun sem nú er til afgreiðslu er gert ráð fyrir því að reksturinn standi ekki undir sér, þrátt fyrir ýmsar tilraunir til að skera niður rekstrarkostnað. Að auki er gert ráð fyrir fjárfestingum, sem nema um 150 milljónum auk fyrirhugaðrar flýtifjármögnunar á Borgarbraut. Hluti þeirra fjárfestinga er ætlaður til að stuðla að auknum tekjum í framtíðinni og að því leiti réttlætunarlegar, en samt situr eftir að þótt þeim væri sleppt, gerir þessi áætlun fyrir árið 2005 ráð fyrir tapi enn eitt árið. Reynslan af núverandi meirihluta er að hann tekur lítið mark á áætlunum sínum og því ástæða til þess að óttast niðurstöðuna í ljósi þess.

Við þetta bætist svo stórfelld skuldaaukning Hafnarinnar sem sýnir eignastöðu sem nemur rúmum milljarði en skuldastöðu sem nemur um tvöfaldri þeirri upphæð. Það er því ljóst að meirihluti sjálfstæðismanna í bæjarstjórn Reykjanesbæjar, með bæjarstjóra sinn Árna Sigfússon í fararbroddi, ræður ekki við rekstur bæjarins.

Það verður erfitt að takast á við rekstur Reykjanesbæjar eftir slíka óráðsúu. Það er óviðunandi að enn sé, samkvæmt áætlun, stefnt að því að rekstur bæjarins komi út með tapi. Við teljum að þurft hefði að bæta útkomu ársins 2005 um sem nemur 80 milljónum króna. Stærstan hluta þeirrar upphæðar hefði mátt afla með því að nýta þá möguleika sem enn eru til álagningar útsvars, en því sem þá stæði útaf, hefði þurft að mæta með frestun framkvæmda.

Við bæjarfulltrúar Samfylkingarinnar og Framsóknarflokksins höfum því ekki lagst gegn þeim niðurskurði sem felst í þeirri fjárhagsáætlun sem nú er til afgreiðslu. Við teljum þó að betur hefði mátt gera. Það er ekki verjandi að núverandi meirihluti eyði, án þess að nýta þær tekjur sem heimilar eru og velta þannig bagganum yfir á komandi kjörtímabil og börnin í bænum.

Jóhann Geirdal, Ólafur Thordersen, Guðbrandur Einarsson,
Sveindís Valdimarsdóttir, Kjartan M. Kjartansson.

Til máls tóku Guðbrandur Einarsson, Þorsteinn Erlingsson, Ólafur Thordersen, Sveindís Valdimarsdóttir og Böðvar Jónsson.

Tillaga minnihlutans um ferðastyrk felld með 6 atkvæðum meirihlutans sem jafnframt lagði fram eftirfarandi bókun: Með breytingu á ferðastyrkjum í fyrra hækkaði sá kostnaðaliður úr tæpum 2 milljónum í kr. 8 milljónir og stefnir í 10 milljónir kr. á næsta ári. Erfitt hefur verið að halda utan um upplýsingar um verkefnið að mati Fræðsluskrifstofu og talið mjög ólíklegt að það sé að gera gæfumuinn fyrir nemendur sem velja framhaldsnám utan svæðis en búa í Reykjanesbæ. Af þessum sökum verður ekki fallist á tillöguna.

Fjárhagsáætlun Reykjanesbæjar samþykkt með 6 atkvæðum meirihlutans. Minnihlutinn situr hjá.

Fleira ekki gert og fundi slitið.

*Björk Guðjónsdóttir,
Böðvar Jónsson,
Steinþór Jónsson,
Sigríður J. Jóhannesdóttir,
Þorsteinn Erlingsson,
Jóhann Geirdal,
Guðbrandur Einarsson,
Ólafur Thordersen,
Sveindís Valdimarsdóttir,
Kjartan M. Kjartansson,
Árni Sigfússon.*